



13. nóvember 2020

Tilv.: 20011619

STJÓRNVALDSÁKVÖRÐUN

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands tekur ákvarðanir sem faldar eru Fjármálaeftirlitinu samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum, sbr. 15. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands. Hinn 11. nóvember 2020 tók fjármálaeftirlitsnefnd eftirfarandi ákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar ásamt kröfum um úrbætur í samræmi við lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

I

Inngangur

Fjármálaeftirlitið hefur haft til meðferðar mál gagnvart Tryggingum og ráðgjöf ehf. (hér eftir T&R eða félagið), kt. 560500-3190, um hvort félagið hafi brotið gegn 3. mgr. 140. gr. f laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga, með því að upplýsa ekki viðskiptavinum sína um að ekki væri hægt að meta hvort váttryggingartengd fjárfestingarafurð, sem félagið hafði milligöngu um sölu á, samræmdist þörfum viðskiptavina þar sem þeir veittu ekki þær upplýsingar sem gerður er áskilnaður um í 1. mgr. 140. gr. f, eða upplýsingarnar voru ófullnægjandi. Fjármálaeftirlitið hafði áður, eða í bréfi, dags. 7. mars 2019, komist að þeirri niðurstöðu að T&R væri skylt skv. 31. gr. þágildandi laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga, að upplýsa viðskiptavinum um, áður en váttryggingarsamningur væri gerður, að ef hann veitti ekki tilskildar upplýsingar um kröfur sínar og þarfir þá leiddi það til þess að ekki yrði unnt að leggja mat á hvort váttryggingarafurðin samræmdist þörfum hans. Krafdist Fjármálaeftirlitið að T&R bætti úr þegar í stað.

Þá hefur Fjármálaeftirlitið enn fremur haft til skoðunar hvort T&R hafi brotið gegn 1. og 6. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga, með því að hafa ekki farið að fyrirmælum viðskiptavinar sem fram koma á þarfagreiningareyðublaði hvað varðar fjárfestingakosti, tappól og áhættustig fjárfestinga og þannig ráðlagt viðskiptavinum um fjárfestingarleið sem samræmdist ekki þörfum þeirra.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

II

Málsatvik og málsmeðferð

Tryggingar og ráðgjöf ehf. er váttryggingamiðlun með gilt starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu til dreifingar váttrygginga.

Með bréfi, dags. 2. september 2019, hóf Fjármálaeftirlitið athugun á markaðssetningu og dreifingu T&R á Wealth Insuring afurðinni (hér eftir WI afurðin) frá slóvakíska váttryggingarfélaginu NOVIS Insurance Company, NOVIS Versicherungsgesellschaft, NOVIS Compagnia di Assicurazioni, NOVIS Poist'ovňa a.s. (NOVIS) og óskaði eftir tilteknum upplýsingum og gögnum frá T&R í því sambandi. Fjármálaeftirlitið óskaði m.a. eftir upplýsingum um skilgreindan markhóp afurðarinnar og hvernig markaðssetning og dreifing á afurðinni til viðskiptavina 55 ára og eldri færi fram. Óskaði Fjármálaeftirlitið enn fremur eftir afriti af öllum þarfagreiningareyðublöðum vegna sölu á afurðinni til viðskiptavina 55 ára og eldri á tímabilinu 1.-27. ágúst 2019. Þá óskaði Fjármálaeftirlitið eftir upplýsingum um hvernig T&R uppfyllti skilyrði 140. gr. e í lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, sem mælir fyrir um hvaða upplýsinga váttryggingamiðlari skuli afla hjá væntanlegum viðskiptavinum sem þiggja ráðgjöf frá miðlaranum um kaup á váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum. Einnig var óskað eftir upplýsingum um hvernig félagið uppfyllti skilyrði 2. mgr. 140. gr. f í lögum nr. 30/2004 sem kveður á um að ef váttryggingatengd fjárfestingarafurð samræmist ekki þörfum viðskiptavinar þá skuli sá sem dreifir afurðinni upplýsa hann um það. Fjármálaeftirlitið óskaði líka eftir upplýsingum um hvernig dreifing iðgjalda í undirliggjandi sjóði væri ákveðin.

T&R svaraði erindi Fjármálaeftirlitsins með bréfi, dags. 18. september 2019. Með bréfinu fylgdu 22 þarfagreiningareyðublöð vegna sölu á WI afurðinni til viðskiptavina 55 ára og eldri.

Með bréfi, dags. 25. september 2019, óskaði Fjármálaeftirlitið eftir frekari upplýsingum og gögnum og svaraði T&R erindi Fjármálaeftirlitsins með bréfi, dags. 11. október 2019.

Með bréfi, dags. 28. nóvember 2019, upplýsti Fjármálaeftirlitið T&R m.a. um að skoðun á fyrirliggjandi þarfagreiningareyðublöðum hefði leitt í ljós töluverðan misbrest við útfyllingu skjalanna í mörgum tilvikum. Þá væri handskrifað „Ég óska ekki eftir þarfagreiningu“ á 15 af 22 þarfagreiningareyðublöð sem Fjármálaeftirlitið hafði fengið afhent frá T&R Virtist Fjármálaeftirlitinu sem um væri að ræða brot gegn skyldum váttryggingamiðlara skv. 6. gr., 1. mgr. 140. gr. e og 1. mgr. 140. gr. f laga nr. 30/2004, sem kveða skýrt á um skyldu þess sem dreifir váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum, með eða án ráðgjafar, að afla tiltekinna upplýsinga hjá viðskiptavini til að skilgreina kröfur hans og þarfir svo hægt sé að leggja mat á það hvort afurðin samræmist þörfum viðskiptavinarins. Þá væri ekki að sjá að í þeim tilvikum þegar skorti

upplýsingar um viðskiptavin að T&R hafi sinnt skyldu sinni skv. 3. mgr. 140. gr. f um að upplýsa viðskiptavin um að ekki væri hægt að meta hvort afurðin samræmdist þörfum hans. Samkvæmt ákvæðinu má slík upplýsingagjöf váttryggingamiðlara vera á stöðluðu formi. Í bréfi Fjármálaeftirlitsins kom einnig fram að svo virtist sem framkvæmd T&R við markaðssetningu og dreifingu WI afurðarinnar til einstaklinga sem voru 61 árs og eldri, og falla utan skilgreinds markhóps afurðarinnar skv. skilgreiningu NOVIS, hafi ekki verið í samræmi við 6. gr., 140. gr. d-f og 1. mgr. 32. gr. laga nr. 62/2019. Nánar tiltekið var WI afurðin seld í átta tilvikum til þessa aldurshóps og merkt var inn á þarfagreiningareyðublöð „Ég óska ekki eftir þarfagreiningu“. Engar upplýsingar lágu því fyrir frá viðskiptavinum til rökstuðnings fyrir sölu utan markhóps NOVIS. Þá virtist Fjármálaeftirlitinu sem T&R hafi ekki tekið tillit til framkominna upplýsinga og fyrirmæla frá viðskiptavinum varðandi fjárfestingarhluta WI afurðarinnar, þar sem ráðgjafar T&R hefðu í fjórum tilvikum merkt við „Dreifð áhætta“ á þarfagreiningareyðublaði þegar viðskiptavinur hafði framar í eyðublaðinu merkt við liðinn „Það er nauðsynlegt að fá höfuðstól greiðslna til baka þótt ávöxtun sé minni“. Virtist Fjármálaeftirlitinu sem að hér væri um að ræða brot m.a. gegn 6. gr. og 140. gr. f laga nr. 30/2004, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 62/2019. Óskaði Fjármálaeftirlitið eftir sjónarmiðum T&R um framangreint.

Sjónarmið T&R bárust með bréfi, dags. 19. desember 2019 og verður gerð nánari grein fyrir þeim síðar í ákvörðuninni.

Í kjölfar móttöku á sjónarmiðum og skýringum T&R í desember 2019 taldi Fjármálaeftirlitið ástæðu til að gera frekari könnun á þarfagreiningum félagsins. Með bréfi, dags. 13. febrúar 2020, óskaði Fjármálaeftirlitið m.a. eftir afriti af þarfagreiningareyðublöðum vegna sölu á öllum samningum um WI afurðina á tímabilinu frá 1. ágúst 2019 til 7. september 2019. T&R svaraði spurningum Fjármálaeftirlitsins í bréfi, dags. 4. mars 2020. Með bréfinu fylgdu umbeðin þarfagreiningareyðublöð. Á þessum tímapunkti hafði Fjármálaeftirlitið fengið alls 158 þarfagreiningareyðublöð afhent frá T&R.

Með bréfi, dags. 11. ágúst 2020, upplýsti Fjármálaeftirlitið T&R að skoðun á öllum fyrirbyggjandi þarfagreiningareyðublöðum hefði leitt í ljós töluverðan misbrest við útfyllingu skjalanna í mörgum tilvikum. Þá var handskrifað „Ég óska ekki eftir þarfagreiningu“ á tæplega helming allra þarfagreiningareyðublaða. Virtist Fjármálaeftirlitinu sem um væri að ræða brot gegn skyldum váttryggingamiðlara skv. 6. gr., 1. mgr. 140. gr. e og 1. mgr. 140. gr. f laga nr. 30/2004, sem kveða skýrt á um skyldu þess sem dreifir váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum, með eða án ráðgjafar, að afla tiltekinna upplýsinga hjá viðskiptavini til að skilgreina kröfur hans og þarfir svo hægt sé að leggja mat á það hvort afurðin samræmist þörfum viðskiptavinarins. Þá væri ekki að sjá að í þeim tilvikum þegar skorti upplýsingar um viðskiptavin að T&R hafi sinnt skyldu sinni skv. 3. mgr. 140. gr. f um að upplýsa viðskiptavin um að ekki væri hægt að meta hvort

afurðin samræmist þörfum hans. Samkvæmt ákvæðinu má slík upplýsingagjöf váttryggingamiðlara vera á stöðluðu formi. Þá virtist Fjármálaeftirlitinu sem T&R hafi ekki tekið tillit til framkominna upplýsinga og fyriræla frá viðskiptavinum varðandi fjárfestingarhluta WI afurðarinnar, þar sem ráðgjafar T&R hefðu í alls 45 tilvikum merkt við „Dreifð áhætta“ á þarfagreiningareyðublaði þegar viðskiptavinur hafði frammar í eyðublaðinu merkt við liðinn „Það er nauðsynlegt að fá höfuðstól greiðslna til baka þótt ávöxtun sé minni“. Virtist Fjármálaeftirlitinu sem að hér væri um að ræða brot m.a. gegn 6. gr. og 140. gr. f laga nr. 30/2004, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 62/2019. Óskaði Fjármálaeftirlitið eftir sjónarmiðum T&R um framangreint.

Sjónarmið T&R bárust með bréfi, dags. 31. ágúst 2020, og verður gerð nánari grein fyrir þeim síðar í ákvörðuninni.

III

Váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir

Lagabreyting 1. ágúst 2019

Hinn 1. ágúst 2019 tóku gildi ný lög, nr. 62/2019, um dreifingu váttrygginga. Um leið féllu úr gildi lög nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga. Þá voru einnig gerðar breytingar á lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga með lögum nr. 61/2019. Þessar lagabreytingar voru tilkomnar vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 um dreifingu váttrygginga (IDD tilskipunin) í íslenskan rétt, en tilskipuninni er ætlað að tryggja lágmarkssamræmingu í löggjöf sem gildir um dreifingu váttrygginga og endurtrygginga innan Evrópska efnahagssvæðisins. Ýmsir aðilar koma að dreifingu váttrygginga í atvinnuskyni og eiga neytendur að njóta jafn mikillar verndar þrátt fyrir mismunandi dreifileiðir. Markmið IDD tilskipunarinnar er að auka vernd neytenda en um leið að efla samkeppni milli þeirra sem dreifa váttryggingum. Þá mælir IDD tilskipunin fyrir um að neytendur sem kaupa váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir njóti sömu verndar og þeir sem fjárfesta í fjármálagerningum sem falla undir lög um verðbréfavíðskipti. Þannig er komið í veg fyrir eftirlitshögnun (e. regulatory arbitrage).

Með fyrrgreindum lagabreytingum voru m.a. ákvæði í lögum nr. 30/2004 um skyldur þeirra, sem dreifa váttryggingum, til að afla upplýsinga um kröfur og þarfir viðskiptavina sinna gerð ítarlegri. Þá var lögfestur sérstakur kafli í lögum sem fjallar um dreifingu váttryggingatengdra fjárfestingarafurða en vegna eðlis og eiginleika afurðanna eru þar gerðar viðbótarkröfur til dreifingaraðila váttrygginga til að afla upplýsinga um viðskiptavininn áður en samningur er gerður um slíka afurð.

Váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir

Með váttryggingatengdri fjárfestingarafurð er átt við váttryggingarafurð þar sem viðskiptavinur gerir samning um bæði váttryggingu og fjárfestingu en samsetning og hlutfall váttryggingaverndar og fjárfestingarhluta getur verið

mismunandi á milli samninga eftir kröfum og þörfum viðskiptavinarins. Ekki er mögulegt að skilja þessa tvo hluta afurðarinnar að og selja viðskiptavinum hana sem annað hvort váttryggingu eða fjárfestingu.

Lýsing á WI afurðinni

Slóvakíska váttryggingafélagið NOVIS er framleiðandi WI afurðarinnar sem er söfnunarlíftrygging og telst því váttryggingatengd fjárfestingarafurð. WI afurðin er samsett úr váttryggingarhluta og fjárfestingarhluta. Í váttryggingarhlutanum er boðið upp á líftryggingu, sjúkdóma- og slysatryggingu. Hver viðskiptavinur fyrir sig velur þá váttryggingavernd sem hentar honum og getur valið að taka eina eða allar váttryggingarnar. Fyrir þann hluta iðgjaldsins sem tilheyrir fjárfestingarhluta afurðarinnar er í boði að ráðstafa honum í allt að átta mismunandi undirliggjandi sjóði, sem geta verið með mismunandi hátt áhættustig, allt frá áhættustigi 1 (lítil áhætta) upp í áhættustig 7 (mikil áhætta). Viðkomandi viðskiptavinur velur hvernig hann vill fjárfesta sínum iðgjöldum í undirliggjandi sjóði afurðarinnar.

Í upplýsingabæklingnum Insurance Funds Booklet, sem gefinn er út af NOVIS, má finna upplýsingar um það hvers konar fjárfestum hver af undirliggjandi sjóðum WI afurðarinnar er ætlaður. Samkvæmt upplýsingum úr bæklingnum eru tveir af átta undirliggjandi sjóðum afurðarinnar ætlaðir almennum fjárfestum með grunnþekkingu og -reynslu á fjármálamarkaði. Annar þeirra NOVIS Guaranteed Growth Fund er með skráð áhættustig 1 en hinn NOVIS Mortgage Insurance Fund með áhættustig 2. Fjórir af undirliggjandi sjóðum WI, þ.e. NOVIS ETF insurance Fund, NOVIS Gold Insurance Fund, NOVIS Entrepreneurial Insurance Fund og NOVIS World Brands Insurance Fund eru ætlaðir fjárfestum með góða þekkingu og reynslu af fjármálagerningum og svipuðum vörum, með meðalhátt áhættuþol, með markmið um miðlungsvöxt höfuðstóls með langtímafjárfestingu og sem eru tilbúnir til að taka miðlungsáhættu varðandi tap fjárfestingarinnar. Áhættustig þeirra sjóða er 4. Þá kemur fram í fyrrgreindum upplýsingabæklingi að tveir af undirliggjandi sjóðum WI afurðarinnar, þ.e. NOVIS Family Office Insurance Fund og NOVIS Digital Assets Insurance, sem viðskiptavinum býðst að fjárfesta í eru ætlaðir fjárfestum með ítarlega reynslu af fjármálagerningum og svipuðum vörum, hátt áhættuþol, með markmið um töluverðan vöxt höfuðstóls með langtímafjárfestingu og sem eru tilbúnir til að taka mikla áhættu varðandi tap fjárfestingarinnar. Áhættustig sjóðanna er 6. Samkvæmt upplýsingum, sem finna má í upplýsingablaði (e. Factsheet) um NOVIS Family Office Insurance Fund, er eina eign hans frá upphafi BP Family Office Fund (ISIN LI0287824523). Við skoðun á síðarnefnda sjóðinum var ekki unnt að finna frekari upplýsingar, s.s. eðli og áhættustig hans eða hverjar undirliggjandi eignir eru. Fjárfestar virðast því í raun ekki vera að kaupa Novis Family Office Insurance Fund heldur BP Family Office Fund, án þess að hafa undir höndum frekari upplýsingar um þann sjóð. Þá segir efst á upplýsingablaði (e. Factsheet) um NOVIS Family Office Insurance Fund að með því að fjárfesta í honum bjóðist váttryggjanda að fjárfesta í sjóði sem annars standi einungis fagfjárfestum til boða sem fjárfesta fyrir a.m.k. 1 milljón evra. NOVIS

Digital Assets Insurance Fund er samkvæmt lýsingu sjóðsins, sem finna má í skilmálum WI afurðarinnar, sjóður sem fjárfestir beint eða óbeint í fyrirtækjum eða fjárfestingarleiðum sem byggja á námugreftri í tengslum við sýndarfé (e. mining) eða viðskiptum með sýndarfé. Mjög takmarkaðar upplýsingar er að finna um stærstu undirliggjandi fjárfestingu sjóðsins, ELJOVI sjóðinn en sá sjóður er skráður á Cayman-eyjum.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum, þ.m.t. samningsgögnum og skilmálum, markaðsefni, samsetningu og tegund undirliggjandi sjóða fyrir fjárfestingarhluta WI afurðarinnar, háum kostnaði og þóknunum, er það mat Fjármálaeftirlitsins að WI afurðin geti talist flókin og áhættusöm váttryggingatengd fjárfestingarafurð.

IV

Upplýsingagjöf til viðskiptavina um að ekki sé hægt að meta hvort váttryggingatengd fjárfestingarafurð samræmist þörfum þerra

Lagagrundvöllur

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, sbr. lög nr. 61/2019 sem tóku gildi 1. ágúst 2019, skal dreifingaraðili váttrygginga áður en váttryggingarsamningur er gerður skilgreina kröfur og þarfir váttryggingartaka (viðskiptavinar) á grundvelli upplýsinga frá honum sjálfum. Upplýsingar um mögulega váttryggingarsamninga skulu vera hlutlausar og í samræmi við þarfir viðskiptavinar og á því formi sem gerir viðskiptavini kleift að taka upplýsta ákvörðun. Ef ráðgjöf er veitt áður en váttryggingarsamningur er gerður skal dreifingaraðili váttrygginga veita viðskiptavini persónulega ráðgjöf og útskýra hvers vegna tiltekin váttrygging hentar best þörfum hans, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. Þá skal þarfagreiningin taka mið af eðli váttryggingarinnar sem mælt er með og þekkingu viðskiptavinar á váttryggingunni, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 6. gr.

Sambærilegt ákvæði var áður að finna í 31. gr. laga nr. 32/2005 en þar kom fram að váttryggingamiðlari skyldi skilgreina kröfur og þarfir væntanlegs váttryggingartaka, áður en váttryggingarsamningur væri gerður, einkum á grundvelli upplýsinga frá honum. Skyldi váttryggingamiðlarinn skýra frá þeim ástæðum sem lægju að baki ráðleggingum hans og skyldi rökstuðningur taka mið af eðli þess váttryggingarsamnings sem mælt væri með. Um ráðgjöf í tengslum við persónutryggingar sagði síðan í 64. gr. laga nr. 30/2004, eins og ákvæðið var fyrir gildistöku laga nr. 61/2019, að váttryggingafélagið, eða sá sem kæmi fram fyrir þess hönd, skyldi sjá til þess að viðskiptavinur fengi nauðsynlega ráðgjöf um hvernig þörfum hans um váttryggingarvernd væri mætt með váttryggingunni.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 30/2004, sbr. lög nr. 61/2019, skal dreifingaraðili váttrygginga veita viðskiptavini upplýsingar samkvæmt II. kafla laganna, þ.m.t. upplýsingar skv. 6. gr., og 140. gr. d á pappír eða öðrum varanlegum miðli. Sambærilegt ákvæði var áður að finna í 54. gr.

laga nr. 32/2005 en þar kom fram að upplýsingar m.a. um rökstuðning ráðgjafar skyldi veita skriflega eða á öðrum varanlegum miðli, á íslensku eða öðru tungumáli sem báðir aðilar samþykkja.

Í XX. kafla laga nr. 30/2004, sbr. lög nr. 61/2019, sem gildir um váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir, eru lagðar frekari skyldur á þá sem dreifa slíkum afurðum í þeim tilgangi að tryggja betur vernd neytenda. Í þeim tilvikum þegar ráðgjöf er veitt í tengslum við sölu á váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum skulu dreifingaraðilar til viðbótar við upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. 6. gr. fá nauðsynlegar upplýsingar um reynslu og þekkingu viðskiptavinar á fjárfestingum vegna váttryggingatengdu fjárfestingarafurðarinnar, fjárhagsstöðu hans, þ.m.t. getu hans til að þola tap, og fjárfestingarmarkmið, þ.m.t. áhættuþol, svo að hægt sé að mæla með hentugri afurð.

Ef ráðgjöf er ekki veitt skv. 140. gr. e ber dreifingaraðilum til viðbótar við upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. 6. gr. að fá upplýsingar um þekkingu og reynslu viðskiptavinar á fjárfestingum vegna afurðarinnar svo að hægt sé að meta hvort hún henti viðskiptavininum, sbr. 1. gr. 140. gr. f. Ef afurðin samræmist ekki þörfum viðskiptavinar skal hann upplýstur um það, sbr. 2. mgr. 140. gr. f. Ef viðskiptavinur veitir ekki upplýsingar skv. 1. mgr. eða veitir ófullnægjandi upplýsingar skal hann upplýstur um að ekki sé hægt að meta hvort afurðin samræmist þörfum hans. Slíkar upplýsingar geta verið á stöðluðu formi, sbr. 3. mgr. 140. gr. f.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. g skulu dreifingaraðilar varðveita öll skjöl sem liggja til grundvallar viðskiptum, þar sem fram koma réttindi og skyldur aðila og aðrir skilmálar þjónustunnar.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 30/2004 er óheimilt, nema annað sé tekið fram, að víkja frá ákvæðum laganna með samningi ef það leiðir til lakari stöðu þess sem öðlast kröfu á hendur váttryggingafélagi samkvæmt váttryggingarsamningi.

Athugun Fjármálaeftirlitsins

Í upphafi athugunarinnar, sbr. bréf Fjármálaeftirlitsins, dags. 2. september 2019, var óskað eftir upplýsingum um hvernig T&R framkvæmdi þarfagreiningu við sölu á WI afurðinni, hvernig T&R aflaði upplýsinga hjá viðskiptavinum skv. 1. mgr. 140. gr. e og 1. mgr. 140. gr. f laga nr. 30/2004 og hvernig félagið upplýsti viðskiptavinum um að WI afurðin samræmdist ekki þörfum þeirra skv. 2. mgr. 140. gr. f laganna.

Í bréfi T&R, dags. 18. september 2019, kemur eftirfarandi fram um þessi atriði:

„c)

T&R fer í gegn um formlega þarfagreiningu gagnvart hverjum einasta váttryggingartaka Wealth Insuring. Meðfylgjandi eru umbeðin gögn.

d)

T&R aflar umræddra upplýsinga með stöðluðu þarfagreiningarskjali. Núverandi útgáfa þess er hjálögð og hefur verið send FME áður. En það er alveg nauðsynlegt að taka tillit til þess að samskipti við gerð líftryggingarsamnings eru iðulega mikið flóknari heldur en getur komist fyrir á stöðluðu þarfagreiningarskjali. Og þau verða að vera það. Hver einn og einasti einstaklingur hefur sögu að segja. Hefur aðstæður sem eru aðrar en næsti einstaklingur. Og hefur markmið í lífi sínu sem hann vill ná fram. Í góðri váttryggingarráðgjöf felst að hlusta á einstaklinginn. Veita honum svo ráðgjöf af heilindum og byggða á bæði formlegum og óformlegum upplýsingum sem veittar eru.

e)

Hver einasta nálgun milli ráðgjafa T&R og hugsanlegs viðskiptavinar byrjar á munnlegum samskiptum og almennri upplýsingagjöf. Á því stigi kemur sennilega í yfir 95% tilfella fram hvort hugsanlegt sé að varan Wealth Insuring henti, og hvort rétt sé að eyða tíma aðila í að ræða áfram. Það er t.d. augljóst að ef í samtali kemur fram að einstaklingur sé einhleypur, barnlaus og að byrja í löngu háskólanámi í USA, að afurðin Wealth Insuring hentar ekki á þeim tímapunkti. Annað dæmi má nefna að ef fram kemur í samtali að einstaklingur sé í greiðsluerfiðleikum. Það er augljóst að óábyrgt er að halda að viðkomandi að gera nýjar skuldbindingar þegar hann á erfitt með að standa við þær sem fyrir eru. Í þriðja lagi má nefna ef að einstaklingur tilgreinir það markmið sitt að safna fyrir sólarlandaferð innan árs, eða fyrir nýjum bíl innan tveggja ára. Það er augljóst að mikið skynsamlegri aðferðir eru til að safna fé til skemmri tíma heldur en líftrygging með endurkaupsverði og augljós ráðlegging að gera ekki.

Sé lagður flötur að því, með óformlegum samræðum, að varan Wealth Insuring kunni að henta hugsanlegum viðskiptamanni og markmiðum hans, er gert þarfagreiningarskjal og á grundvelli þess er farið vandlega í gegn um kynningu á vörunni, kostnaði hennar, uppbyggingu og möguleikum. Þannig verður hugsanlega að gerð líftryggingarsamnings, eða ekki.

Það er mjög mörg dæmi um að starfsmaður T&R hafi ráðlagt einstaklingi að gera ekki samning um Wealth Insuring líftryggingu. En í samræmi við gangverk sem lýst er að ofan, eru skrifleg dæmi því miður ekki til.“

Í svarbréfi T&R, dags. 11. október 2019, vegna beiðni Fjármálaeftirlitsins um að fá afrit af skjölum um skilgreinda markhópa T&R kemur m.a. fram að markhópar fyrir líftryggingar og þar af leiðandi fyrir WI afurðina, séu aðilar sem uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- „a) Að séu fjárráða
- b) Að líf viðkomandi sé komið í þannig farveg að tekjumyndun vegna atvinnu sé orðin viðvarandi og stöðug.
- c) Að viðvarandi greiðsluflæði vegna atvinnu, sé jafnframt að efna undirliggjandi og viðvarandi skuldbindingar viðkomandi.“

Í fyrrgreindu bréfi T&R segir enn fremur að til viðbótar þurfi síðan að taka tillit til þess hvort einstaklingur sé í þeirri stöðu að sjá fyrir öðrum sem fyrirvinna, hvort sem eru börn, maki, aldraðir foreldrar eða aðrir. Séu aðstæður með þeim hætti, styrkir það þörf fyrir yfirvegun á líftryggingarfjárhæð og/eða öðrum váttryggingarvernd. Þá þurfi einnig að taka tillit til þess hvort einstaklingurinn hafi stöðugt tekjuflæði, en minni útgjöld fyrir efndir á skuldbindingum, styrkir yfirvegun á endurkaupsvirði líftryggingar. Þessi nálgun sé þekkt, eðlileg og leiði af almennri skynsemi og eðli máls, en afbrigði þarfa verði síðan aldrei tæmandi talin.

Þarfagreiningareyðublað T&R er, eins og félagið upplýsti um, á stöðluðu formi, alls 3 blaðsíður og ber heitið „Þarfagreining vegna tilboðs í persónutryggingar“. Á fyrstu blaðsíðu er óskað eftir upplýsingum um tilgang þarfagreiningar (vegna reglubundins sparnaðar, vegna líftryggingar, vegna sjúkdómatryggingar eða vegna slysatryggingar). Á blaðsíðunni er enn fremur að finna liðinn „Nauðsynlegar upplýsingar til greiningar á váttryggingarvernd“ og skal viðskiptavinur þar m.a. veita upplýsingar um nafn, kennitölu, mánaðartekjur, upplýsingar um gildar tryggingar, hvort hann greiði í lífeyrissjóð, fjöldi barna undir 18 ára aldri, virði fasteigna og bifreiða og heildarfjárhæð fjárskuldbindinga. Á bls. 2 er að finna liðinn „Nauðsynlegar upplýsingar til greiningar á reglulegum sparnaði“ en þar skal viðskiptavinur veita upplýsingar eins og mánaðarlegar tekjur sem hann getur lagt fyrir, upplýsingar um reynslu af verðbréfavíðskiptum og hversu mikilvægur sparnaðurinn er fyrir hann í lok samningstíma. Þar getur viðskiptavinur hakað við einn af eftirfarandi valmöguleikum:

- „Það er nauðsynlegt að fá höfuðstól greiðslna til baka þótt ávöxtun sé minni“
- „Ég sætti mig við hættu á skerðingu höfuðstóls ef möguleiki er á meiri ávöxtun“
- „Ég þarf ekki á sparnaðinum að halda og geri mér vonir um sem mesta ávöxtun“.

Þá er óskað eftir í eyðublaðinu að viðskiptavinur veiti upplýsingar um hversu mikla áhættu, á skalanum 1-5, hann er tilbúinn að taka í fjármálum sínum. Á

seinni hluta bls. 2 er að finna mat ráðgjafa á váttryggingarvernd sem er flokkuð niður eftir tegund trygginga; líftrygging, sjúkdómatrygging eða slysa- og/eða sjúkratryggingar. Á bls. 3 er að finna mat ráðgjafa á fyrirætlun um sparnað og fjárfestingaráhættu með hliðsjón af þeim upplýsingum sem viðskiptavinur hefur veitt í fyrri hlutum eyðublaðsins, þ.m.t. mat ráðgjafans á hver sé eðlileg áhætta fjárfestinga: Meiri, Minni, Dreifð áhætta. Í lok skjalsins er að finna staðlaðan texta um að viðskiptavinur hafi fengið þarfagreiningu í samráði við ráðgjafa T&R og er hægt að rita nafn ráðgjafans á sérstaka línu þar við. Þá eru tveir kassar sem hægt er að haka við. Í öðrum segir „Ég valdi váttryggingarvernd (og fjárfestingu) í samræmi við mat ráðgjafans“ en í hinum segir „Ég valdi aðra váttryggingarvernd (og fjárfestingu).“

Eins og fyrr segir þá bárust Fjármálaeftirlitinu alls 158 þarfagreiningareyðublöð frá T&R vegna gerðra samninga um WI afurðina á tímabilinu 1. ágúst 2019 til 7. september 2019. Af þeim voru 10 þeirra undirrituð fyrir 1. ágúst 2019 og koma því ekki til frekari álita þar sem þau standa utan þess tímabils sem athugun Fjármálaeftirlitsins varðaði. Athugun Fjármálaeftirlitsins á hinum 148 þarfagreiningareyðublöðunum leiddi eftirfarandi í ljós:

- 23 þarfagreiningareyðublöð, eða 15,5%, voru útfyllt með viðunandi hætti, þó ekki hafi í öllum tilvikum verið gaumgæfilega fyllt út í alla reiti eyðublaðsins. Engu að síður var í þremur tilvikum handskrifað inn á eyðublaðið „Ég óska ekki eftir þarfagreiningu“.
- 57 þarfagreiningareyðublöð, eða 38,5%, voru útfyllt að hluta en ekki þannig að talist geti viðunandi. Mismunandi er hvaða upplýsingar vantar á þessi 57 þarfagreiningareyðublöð. Í nokkrum tilvikum vantar allar upplýsingar á fyrstu blaðsíðu eyðublaðsins nema nafn og kennitölu viðskiptavinar. Í öðrum tilvikum vantar upplýsingar að hluta á annarri blaðsíðu eyðublaðsins undir liðnum „Nauðsynlegar upplýsingar til greiningar á reglulegum sparnaði.“ Í enn öðrum tilvikum vantar svör við öllum spurningunum undir þessum hluta eyðublaðsins nema við spurningum um bil mánaðarlegra tekna sem viðkomandi getur lagt fyrir. Í 16 tilvikum af 57 var handskrifað á eyðublaðið „Ég óska ekki eftir þarfagreiningu“.
- 68 þarfagreiningareyðublöð, eða 46%, voru óútfyllt, að undanskildu svari við fyrstu spurningu á bls. 1 (tilgangur þarfagreiningar), nafni og kennitölu viðkomandi á bls. 1 og undirritun hans á bls. 3. Á 60 þeirra hefur ráðgjafi T&R merkt við „dreifð áhætta“ undir liðnum „Eðlileg áhætta fjárfestinga“ á bls. 3. Í 15 tilvikum af þessum 68 þarfagreiningareyðublöðum hefur ráðgjafi T&R merkt við reitinn „Form og fyrirhuguð fjárhæð sparnaðar er í samræmi við fjárhagsaðstæður“ undir fyrirsögninni „Fyrirætlun um form og fjárhæð sparnaðar:“. Þá hefur í 17 af 68 tilvikum verið merkt við reitinn „Ég valdi váttryggingavernd (og fjárfestingu) í samræmi við mat ráðgjafans“ sem gefur til kynna að ráðgjöf hafi verið veitt. Í 54 tilvikum var handskrifað á eyðublaðið „Ég óska ekki eftir þarfagreiningu“.

- Á samtals 74 þarfagreiningareyðublöð, eða 47%, var handskrifað á eyðublöðin „Ég óska ekki eftir þarfagreiningu“.
- Í 43 tilvikum var einungis hakað við að þarfagreining væri framkvæmd vegna reglulegs sparnaðar og í fimm tilvikum einungis vegna váttryggingar. Eins og fyrr segir er WI afurðin váttryggingatengd fjárfestingarafurð og því samsett úr tveimur hlutum, þ.e. váttryggingarhluta og fjárfestingarhluta og ómögulegt að skilja þessa tvo hluta afurðarinnar að og selja hana neytanda sem annað hvort einungis váttryggingu eða fjárfestingu. Viðskiptavinur getur hins vegar ákveðið samsetningu og hlutfall beggja hlutanna.
- T&R seldi 10 einstaklingum, 61 árs og eldri, WI afurðina en þeir falla utan skilgreinds markhóps afurðarinnar sem eru aðilar á aldursbilinu 18-60 ára. Á átta af tíu þarfagreiningareyðublöðum var ekki að finna aðrar upplýsingar en nafn og kennitala viðkomandi og var handskrifað inn á eyðublöðin að viðkomandi óskaði ekki þarfagreiningar.

Sjónarmið T&R

Með bréfum, dags. 28. nóvember 2019 og 11. ágúst 2020, óskaði Fjármálaeftirlitið eftir sjónarmiðum T&R um skort á upplýsingum á þarfagreiningareyðublöðunum þar sem eftirlitinu virtist upplýsingaöflun ekki vera í samræmi við 6. gr., 140. gr. e og 140. gr. f laga nr. 30/2004. Þá var einnig óskað eftir sjónarmiðum T&R varðandi handskrifaða textann „ég óska ekki eftir þarfagreiningu“. Sjónarmið T&R koma fram í bréfum félagsins, dags. 19. desember 2019 og 31. ágúst 2020.

Bréf T&R dags. 19. desember 2019

Í bréfi T&R kemur fram að þau lagaákvæði sem voru í gildi fram til 1. ágúst 2019, þ.m.t. 31. gr. laga nr. 32/2005, hafi verið mjög fáorð um hvernig þarfagreining skyldi fara fram. Setja þurfi sölu á WI afurðinni í sögulegt samhengi en nær öll sala T&R á afurðinni átti sér stað í tíð eldri laga þ.e. áður en lög nr. 62/2019, sem m.a. felldu úr gildi lög nr. 32/2005, og lög nr. 61/2019, sem breyttu lögum nr. 30/2004, tóku gildi. Í bréfi T&R segir ennfremur: „Til þess að þarfagreiningarskjal sé rétt og vandlega útfyllt þarf fyrst og fremst til samstarf viðskiptavinarins. Hann er spurður persónulegra spurninga og mörgum finnst það óþægilegt og ekkert tilefni til“. Þá kemur fram í sama bréfi að sennilega upplifi margir viðskiptavinir að þeir séu ekki að taka stóra ákvörðun sem þurfi ítarlega skoðun og telji spurningar í þarfagreiningu langt umfram það tilefni sem til stendur. Mjög mörgum finnst óþægilegt að opinbera upplýsingar um laun sín, eignir, skuldir fyrir einhverjum ókunnugum og jafnvel þótt væri kunnugur og telja þessar upplýsingar vera einkamál. Í bréfinu varpar T&R fram þeirri spurningu hvað sölumenn T&R eigi að gera þegar viðskiptavinir hefðu verið rétt þarfagreiningarform og þess óskað að hann fylli það út, en hann ritar á formið að hann vilji ekki þarfagreiningu. T&R heldur því fram að upplifun og tilfinning viðskiptavina og ákvarðanir þeirra í framhaldi geti ekki verið á ábyrgð T&R og það eigi ekki að refsa T&R fyrir það. Í bréfi T&R segir ennfremur: „Á þessum tíma má fullyrða að hver einasti starfsmaður T&R

hafi gert sitt besta til að þarfagreining færi sem þéttast fram og hefur enga ástæðu eða hvata til annars. En starfsmaður T&R getur ekki skáldað svör við spurningum sem viðskiptavinur telur ekki ástæðu til að svara“. Framangreint var að mati T&R talið skýra að á einhverjum þarfagreiningareyðublöðum hafi vantað svör eða þá hvers vegna viðskiptavinur hafi ritað að hann hafi ekki óskað þarfagreiningar. Jafnframt kom fram að starfsmenn T&R væru smátt og smátt að ná betri tókum á þeim lagakröfum sem væru í gildi. Þá væru mörg dæmi um að starfsmaður T&R hafi ráðlagt einstaklingi að gera ekki samning um WI líftryggingu og af svari T&R megi ráða að sú ráðgjöf starfsmanna eigi sér stað áður en komið er að gerð þarfagreiningar og því séu skrifleg dæmi um þá ráðgjöf ekki til.

Bréf T&R 31. ágúst 2020

Í bréfi T&R kemur fram að félagið efist ekki um þá tölfræði sem Fjármálaeftirlitið tilgreini í bréfi sínu 11. ágúst 2020 um í hve mörgum tilfellum vanti upplýsingar á þarfagreiningareyðublað. Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga byggja hins vegar á því að einstaklingurinn hafi einkarétt á öllum sínum persónuupplýsingum og það sé hann sem ákveði hvort hann veiti einhverjum öðrum persónuupplýsingar um sjálfan sig. Það að til séu þarfagreiningareyðublöð á bak við hvern samning sem T&R hefur gert sanni að félagið hafi uppfyllt réttilega þær skyldur sem kveðið er á um í 6. gr., 140. gr. e og 140. gr. f laga nr. 30/2004. Í bréfinu segir ennfremur: „T&R endurtekur að hafna því algerlega að vera gert ábyrgt fyrir því að einstaklingur kjósi að veita ekki tilteknar upplýsingar um persónulega hagi sína. Íðullega viðkvæmar persónuupplýsingar sem einstaklingurinn á sjálfur og verða ekki teknar af honum með neins konar valdi enda engin lög sem heimila slíkt“. Í bréfi T&R segir ennfremur að það sé ekkert í lögum sem banni einstaklingum yfir 18 ára aldri, sem eru lögráða, að gera váttryggingarsamninga þótt þeir kjósi að veita ekki ókunnugum viðkvæmar persónuupplýsingar um sig. Á öll þarfagreiningareyðublöðin hafi viðskiptavinur undirritað að hann telji sig nægjanlega upplýstan til þess að taka ákvörðun um gerð váttryggingarsamnings, og að lögráða einstaklingur sé bær til að gera slíka yfirlýsingu. T&R hafnaði þar með að um endurtekin brot væri að ræða.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins

Lög nr. 30/2004 leggja skyldu á herðar þeim sem dreifa váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum um að skilgreina kröfur og þarfir viðskiptavinarins á grundvelli upplýsinga frá honum sjálfum, auk þess að afla upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinarins á fjárfestingum vegna váttryggingatengdra fjárfestingarafurða. Í þeim tilvikum þegar dreifingaraðili veitir viðskiptavini ráðgjöf þá ber honum einnig að afla upplýsinga um fjárhagsstöðu hans, þ.m.t. um tapþol, og fjárfestingarmarkmið, þ.m.t. áhættuþol. Upplýsingagjöfinni er ætlað að tryggja að dreifingaraðili, sem veitir ráðgjöf, geti mælt með hentugri afurð, eða, þegar ráðgjafar er ekki óskað, lagt mat á hvort sú afurð sem viðskiptavinur óskar eftir að kaupa henti honum. Gert er ráð fyrir að þessi upplýsingaöflun fari fram með sannarlegum hætti t.d. á pappír, sbr. 7. gr. laga nr. 30/2004. Varðandi

tilvísun T&R til WI afurðarinnar sem líftryggingarsamnings þá bendir Fjármálaeftirlitið á að WI afurðin er ekki eingöngu líftryggingarsamningur heldur er um að ræða váttryggingarafurð þar sem viðskiptavinur gerir samning um bæði váttryggingu og fjárfestingu.

Lögunum er ætlað að tryggja að viðskiptavinur kaupi þá afurð sem hentar honum. Skyldan til að skilgreina kröfur og þarfir viðskiptavinar á grundvelli upplýsinga frá honum sjálfum er ekki nýmæli. Hún hefur verið í gildi síðastliðin 15 ár eða allt frá gildistöku laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga og ætti því að vera T&R vel kunn. Reglan er samkvæmt orðanna hljóðan ófrávikjanleg og dreifingaraðilum ekki heimilt að semja sig frá henni, sbr. 3. gr. laga nr. 30/2004. Skyldan fellur því ekki niður þó að handskrifað sé inn á þarfagreiningareyðublaðið að viðskiptavinur óski ekki eftir þarfagreiningu. Þvert á móti er það hlutverk dreifingaraðila að gera viðskiptavinum grein fyrir ástæðum og mikilvægi upplýsingaöflunarinnar og einmitt af þeim sökum er gert ráð fyrir því að upplýsa viðskiptavinum um að ekki sé hægt að meta hvort afurð samræmist þörfum hans, séu lágmarksupplýsingar ekki veittar. Þá er öflun og vinnsla persónuupplýsinga sem aflað er í tengslum við gerð þarfagreiningar ekki í andstöðu við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda er hvort tveggja nauðsynlegt til að framfylgja lagaskyldu. Framangreint var staðfest í álitum Persónuverndar, dags. 2. október 2020, til T&R en félagið óskaði eftir álitum Persónuverndar á túlkun og framkvæmd ákvæða laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, sem lúta að lögbundinni þarfagreiningu, með hliðsjón af lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Í þeim tilvikum þegar viðskiptavinur veitir ekki upplýsingar eða veitir ófullnægjandi upplýsingar ber dreifingaraðila að upplýsa hann um að ekki sé hægt að meta hvort afurðin samræmist þörfum hans en slíkar upplýsingar geta verið á stöðluðu formi, sbr. 3. mgr. 140. gr. f laga nr. 30/2004. Þá ber dreifingaraðilum að varðveita öll skjöl sem liggja til grundvallar viðskiptum, sbr. 140. gr. g sömu laga.

Fjármálaeftirlitið hefur í tvígang frá árinu 2018 ítrekað framangreindar skyldur við T&R. Í fyrra skiptið gerði Fjármálaeftirlitið það með bréfi, dags. 27. júní 2018, sem ritað var til T&R í tengslum við athugun eftirlitsins á viðskiptaháttum T&R varðandi markaðssetningu og upplýsingagjöf til neytenda um WI afurðina. Í bréfinu voru m.a. ítrekaðar skyldur váttryggingamiðlara sem komu fram í 31. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga, sem þá voru í gildi. En þar var, eins og áður hefur komið fram, kveðið á um skyldu váttryggingamiðlara að skilgreina kröfur og þarfir væntanlegs viðskiptavinar, áður en váttryggingarsamningur væri gerður, einkum á grundvelli upplýsinga frá honum. Í bréfi Fjármálaeftirlitsins kom fram að framangreint skyldi gert skriflega eða á öðrum varanlegum miðli á skýran og nákvæman hátt sem viðtakandanum væri skiljanlegur og á íslensku eða öðru tungumáli sem báðir aðilar samþykkja, sbr. 54. gr. sömu laga. Í seinna skiptið gerði Fjármálaeftirlitið það með niðurstöðubréfi, dags. 7. mars 2019, vegna athugunar eftirlitsins á þarfagreiningu og varðveislu

gagna hjá T&R vegna sölu á WI afurðinni. Þar komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að T&R hefði brotið gegn 31. gr. laga nr. 32/2005 þar sem þarfagreiningareyðublöðin voru ekki gaumgæfilega fyllt út. Fjármálaeftirlitið komst einnig að þeirri niðurstöðu að váttryggingamiðlari gæti ekki komist undan þessari afdráttarlausu kröfu laganna með því að hafa sérstakan reit á þarfagreiningareyðublaðinu þar sem viðskiptavinur getur hakað við að hann óski ekki eftir þarfagreiningu við töku trygginga. Þá tiltók Fjármálaeftirlitið að þar sem orðalag í 31. gr. laga nr. 32/2005 byði ekki upp á undantekningu frá þessari lagakröfu þá hvíldi sú skylda á váttryggingamiðlara að upplýsa væntanlegan viðskiptavin um að ef hann veitti ekki umbeðnar upplýsingar leiddi það til þess að ekki yrði unnt að leggja mat á hvort afurðin samræmdist þörfum hans. Krafðist Fjármálaeftirlitið að T&R bætti úr þegar í stað.

Skoðun Fjármálaeftirlitsins á 158 þarfagreiningareyðublöðum T&R hefur leitt í ljós að umfang á annmörkum á útfyllingu eyðublaðanna sé með þeim hætti að ekki er hægt að líta svo á að þeir séu tilfallandi heldur kerfisbundnir á því tímabili sem var til skoðunar. Af 158 þarfagreiningareyðublöðum eru 125 sem teljast ekki fyllt út með fullnægjandi hætti. Þar af eru átta þarfagreiningareyðublöð sem sýna að T&R seldi WI afurðina til viðskiptavina sem standa fyrir utan markhóp afurðarinnar án þess að fyrir lægju upplýsingar til að rökstyðja sölu utan markhópsins. Ekki eru fyrirliggjandi skjöl sem sýna að T&R hafi upplýst umrædda 125 viðskiptavini um að ekki hafi verið hægt að meta hvort afurðin samræmist þörfum þeirra þar sem þeir veittu ekki upplýsingar eða veittu ófullnægjandi upplýsingar. Þar sem sú skylda hvílir á dreifingaraðilum að varðveita öll skjöl sem liggja til grundvallar viðskiptum, sbr. 1. mgr. 140. gr. g, verður T&R að bera hallann af því að þessi gögn séu ekki fyrirliggjandi. Þá verður ekki séð að sú lýsing á framkvæmd öflunar upplýsinga um kröfur og þarfir viðskiptavina sem er að finna í bréfi T&R, dags. 18. september 2019, endurspegli raunverulega stöðu mála hjá T&R en félagið upplýsir fyrst um þau vandkvæði að fá viðskiptavini til að veita umbeðnar upplýsingar í bréfi, dags. 19. desember 2019. Að lokum er ekki að sjá að T&R hafi orðið við þeim úrbótakröfum sem Fjármálaeftirlitið gerði með bréfi, dags. 7. mars 2019, að öðru leyti en því að fjarlægja sérstaka reitinn í eyðublaðinu þar sem viðskiptavinur gat hakað við að hann óski ekki eftir þarfagreiningu. Í staðinn hefur sams konar beiðni verið handskrifuð inn á tæplega helming þeirra þarfagreiningareyðublaða sem til skoðunar voru.

Varðandi umfjöllun T&R um að viðskiptavinir telji það ekki vera stóra ákvörðun að kaupa váttryggingatengda fjárfestingarafurð og þyki óþægilegt að svara spurningum um laun, eignir og skuldir þá bendir Fjármálaeftirlitið á að með samningi um WI afurðina eru viðskiptavinir T&R mögulega að líffryggja sig og tryggja sig fyrir sjúkdómum og slysum. Fráfall maka eða foreldris getur haft mjög alvarlegar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér og það sama má segja um það þegar einstaklingur veikist eða slasast alvarlega. Þá er afurðin sem hér um ræðir (söfnunarlíftryggingar) þess eðlis að hún felur í sér eiginleika sem gera það að verkum að mælt er með að

viðskiptavinir greiði af henni í 20 ár að lágmarki. Því getur verið um umtalsverða fjármuni og hagsmuni viðskiptavina að ræða og viðskiptasamband sem varir árum saman. Með hliðsjón af hlutverki dreifingaraðila, sem ber m.a. að hafa hagsmuni viðskiptavina fyrir augum og á að hafa til að bera tilskilda hæfni og hæfi til að sinna starfi sínu, er mikilvægt að dreifingaraðilar geri viðskiptavinum ljóst mikilvægi fullnægjandi upplýsingaöflunar.

Með vísan til alls framangreinds og á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að T&R hafi brotið gegn 3. mgr. 140. gr. f laga nr. 30/2004 með því að upplýsa ekki 125 viðskiptavini sína um að ekki væri hægt að meta hvort afurðin samræmist þörfum þeirra þar sem þeir veittu ekki upplýsingar eða upplýsingar voru ófullnægjandi.

V

Ekki farið að framkomnum upplýsingum og fyrirmælum frá viðskiptavinum um fjárfestingarmarkmið og áhættuþol

Lagagrundvöllur

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2004 skal dreifingaraðili váttrygginga skilgreina kröfur og þarfir váttryggingartaka (viðskiptavinar) á grundvelli upplýsinga frá honum sjálfum áður en váttryggingarsamningur er gerður. Upplýsingar um mögulega váttryggingarsamninga skulu vera hlutlausar og í samræmi við þarfir viðskiptavinar og á því formi sem gerir viðskiptavini kleift að taka upplýsta ákvörðun. Ef ráðgjöf er veitt áður en váttryggingarsamningur er gerður skal dreifingaraðili váttrygginga veita viðskiptavini persónulega ráðgjöf og útskýra hvers vegna tiltekin váttrygging hentar best þörfum hans, sbr. 2. mgr. 6. gr. fyrrgreindra laga.

Í þeim tilvikum þegar verið er að dreifa váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum eru gerðar ítarlegri kröfur til öflunar upplýsinga um viðskiptavin einmitt í þeim tilgangi að geta lagt mat á hvort afurðin samræmist þörfum viðskiptavinar, sbr. XX. kafla laga nr. 30/2004.

Í 5. mgr. 12. gr. e sömu laga er lögð sú skylda á dreifingaraðila að afla sér viðeigandi upplýsinga um þær váttryggingar, þ.m.t. váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir, sem hann veitir ráðgjöf um til að tryggja þekkingu á eiginleikum hennar og skilgreindum markhópi.

Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga skal dreifingaraðili starfa á heiðarlegan, sanngjarnan og faglegan hátt í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á váttryggingamarkaði og með hag neytenda fyrir augum.

Athugun Fjármálaeftirlitsins

Efst á bls. 3 í þarfagreiningareyðublaði T&R er liðurinn „Mat ráðgjafa á fyrirætlun um sparnað og fjárfestingaráhættu“ og hefst á þeim upphafsorðum að mat ráðgjafans miðist við þær upplýsingar sem gefnar eru framar í eyðublaðinu. Er því gert ráð fyrir að ráðgjafi leggi mat á fyrirætlun viðskiptavinar um form og fjárhæð sparnaðar og veiti viðskiptavini ráðgjöf um hvort sú fyrirætlun sé í samræmi við fjárhagsstöðu, þ.m.t. tapþol, og fjárfestingarmarkmið, þ.m.t. áhættuþol. Þar er einnig gert ráð fyrir að ráðgjafi leggi mat á og ráðleggi viðskiptavini um eðlilega áhættu af fjárfestingu, með hliðsjón af þeim upplýsingum sem viðskiptavinurinn hefur veitt framar á eyðublaðinu. Valmöguleikarnir eru þrír: Meiri áhætta, Minni áhætta eða Dreifð áhætta.

Skoðun Fjármálaeftirlitsins á þeim 158 þarfagreiningareyðublöðum sem Fjármálaeftirlitið hefur undir höndum vegna gerðra samninga um WI afurðina á tímabilinu 1. ágúst 2019 til 7. september 2019, hefur leitt í ljós að í 45 tilvikum hefur viðskiptavinur undir liðnum „Nauðsynlegar upplýsingar til greiningar á reglulegum sparnaði“ í eyðublaðinu þar sem spurt er „Hversu mikilvægur er sparnaðurinn fyrir þig í lok samningstíma“ merkt við valmöguleikann „Það er nauðsynlegt að fá höfuðstól greiðslna til baka þótt ávöxtun sé minni“. Á grundvelli þessara upplýsinga var það mat ráðgjafa T&R að dreifð áhætta samræmdu þörfum þessara viðskiptavina best og merkti því við „Dreifð áhætta“ undir liðnum „Mat ráðgjafa á fyrirætlun um sparnað og fjárfestingaráhættu“. Dreifð áhætta merkir að T&R dreifir þeim hluta iðgjaldsins sem ráðstafað er til fjárfestingar jafnt niður á alla átta undirliggjandi sjóði afurðarinnar. Það þýðir að stærsti hluti iðgjaldsins fer í sjóði sem eru ætlaðir þeim sem eru með meðalhátt eða hátt áhættuþol og eru tilbúnir til að taka miðlungs eða mikla áhættu varðandi fjárfestinguna, sbr. lýsingu á undirliggjandi sjóðum WI afurðarinnar í kafla II.

Sjónarmið T&R

Í bréfi T&R, dags. 18. september 2019, er að finna svar félagsins við þeirri spurningu Fjármálaeftirlitsins hvernig dreifing iðgjalda viðskiptavina í undirliggjandi sjóði WI afurðarinnar er ákveðin. Þar kemur fram að T&R sé hvorki verðbréfafyrirtæki né stundi fjárfestingarráðgjöf og að WI afurðin sé hvorki verðbréfaafurð né fjárfesting heldur líftryggingarsamningur með endurkaupsvirði. Afurðin lúti því lögmálum váttryggingarréttar en ekki lögmálum verðbréfaréttar. Þar sem samningur um WI afurðina bjóði upp á valmöguleika váttryggingartaka á hvernig endurkaupsvirði skuli reiknað þá nálgist T&R ávallt ráðgjöf sína í því efni á eftirfarandi vísireglum:

Skynsamlegt er að dreifa fjárfestingaráhættu sem mest sé váttryggingartaki ekki sérfróður.

Skynsamlegt er að velja íhaldssamari fjárfestingar eftir því sem aldur váttryggingartaka er hærrí.

Áhættusækni á að vera í samhengi við fjárhagsstyrk váttryggingartaka og/eða að endurkaupsverð verði ekki leyst inn fyrr en eftir fremur langan tíma.

Í bréfinu segir ennfremur: „T&R, sem váttryggingamiðlun, þykist ekki vera fjárfestingarráðgjöf. Það er ekki við hæfi að váttryggingamiðlun sé að

ráðleggja viðskiptavinum einhverjar fínkornóttar og afmarkaðar fjárfestingar í nákvæmum hlutföllum“. Framangreint sé ástæðan fyrir því að 86% viðskiptamanna T&R velji ávöxtunarviðmið sitt sem jafna dreifingu í allar undirliggjandi fjárfestingar.

Í bréfi T&R, dags. 31. ágúst 2020 kemur fram að við gerð á hverjum einasta váttryggingarsamningi eigi sér stað mikil samskipti milli váttryggingasölumanna og væntanlegra váttryggingartaka. Váttryggingasölumaður kynnir og veitir upplýsingar. Váttryggingartaki tekur á móti og tjáir sig um fram komnar upplýsingar og sína afstöðu. Eingöngu örlíftill hluti þessara samskipta liggja fyrir skriflega og sé varðveittur. Í tilfellum umræddra 45 þarfagreiningaeyðublaða þá hafði viðskiptavinur metið sem svo að vel dreifð áhætta mismunandi eignaflokka væri honum nægjanleg trygging fyrir að fá höfuðstól greiðslna sinna til baka enda alltaf um fjárfestingu til lengri tíma að ræða. Að um hafi verið að ræða ákvörðun viðskiptavinar sem T&R getur ekki borið ábyrgð á.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins

Tilgangur og markmið laga nr. 30/2004 er m.a. að tryggja að neytendur geti keypt váttryggingu/afurð sem samræmist kröfum þeirra og þörfum. Með öðrum orðum þá er lögunum ætlað að koma í veg fyrir að neytendur kaupir afurðir sem henta þeim ekki eða þeir hafa ekki þörf fyrir. Ráðgjöf þeirra sem dreifa váttryggingum er mikilvæg í þessu sambandi. Ef það er krafa viðskiptavinar, sem hefur í hyggju að kaupa váttryggingatengda fjárfestingarafurð, að vilja fá höfuðstól greiðslna til baka þótt ávöxtun sé minni, þá ber dreifingaraðilanum að ráðleggja honum um afurðir sem uppfylla þær kröfur. Dreifingaraðila er óheimilt að fara gegn kröfum viðskiptavinarins enda stríðir það gegn tilgangi og markmiði laganna um að selja neytanda afurð sem hann óskar ekki eftir, auk þess sem slíkt er í andstöðu við 1. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2004. Hafi viðskiptavinur hins vegar í hyggju að kaupa váttryggingatengda fjárfestingarafurð sem dreifingaraðili telur að samræmist ekki þörfum hans þá ber dreifingaraðila að upplýsa viðskiptavininn um það, sbr. 2. mgr. 140. gr. f laga nr. 30/2004.

Dreifingaraðila ber að þekkja þær afurðir sem hann er að selja, sbr. 5. mgr. 12. gr. e laga nr. 30/2004. Ef dreifingaraðili er að selja váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir, þá skal hann afla sér viðeigandi upplýsinga bæði um váttryggingarhluta afurðarinnar sem og fjárfestingarhluta hennar og þekkja og skilja eiginleika beggja hluta afurðarinnar. Hvað fjárfestingarhlutann varðar ber dreifingaraðila skv. 3. mgr. 25. gr. laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga að hafa lágmarksþekkingu á skilmálum, iðgjaldi og eftir atvikum tryggðum eða ótryggðum ávinningi, kostum og ókostum á mismunandi fjárfestingarvalkostum fyrir viðskiptavin og fjárhagslegri áhættu sem viðskiptavinur ber en það er forsenda þess að hann geti lagt mat á það hvaða afurð hentar viðskiptavini best. Þær viðbótarupplýsingar sem dreifingaraðila ber að afla frá viðskiptavini skv. 1. mgr. 140. gr. e og 140. gr. f eru einmitt upplýsingar sem ætlað er að varpa ljósi á það hvaða váttryggingatengda fjárfestingarafurð, m.t.t. fjárfestingarhluta hennar,

samræmist best þörfum viðskiptavinarins. Afstaða T&R um að WI afurðin sé ekki verðbréfaafurð eða fjárfesting heldur líftryggingarsamningur með endurkaupsvirði stenst ekki skoðun þar sem WI afurðin er, eins og fyrr segir, sambland af váttryggingu og fjárfestingu. Telji T&R sér ekki mögulegt að veita viðskiptavinum ráðgjöf um fjárfestingarhluta WI afurðarinnar þá er T&R að sama skapi ekki bært til að taka að sér dreifingu á afurðinni.

Fyrirnefnd 45 þarfagreiningareyðublöð hafa að geyma skýrar upplýsingar frá viðskiptavinum um áhættuþol þeirra. Viðskiptavinir lýsa því yfir að þeir telji það nauðsynlegt að fá höfuðstól greiðslna til baka þótt ávöxtun sé minni. Eyðublöðin bera það ekki með sér að það hafi verið val viðskiptavinarins að vilja dreifða áhættu heldur þvert á móti var þarna um að ræða ráðgjöf T&R til viðskiptavinarins á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga í eyðublaðinu. Í ljósi þess hvernig þeim hluta iðgjaldsins af WI afurðinni, sem tilheyrir fjárfestingahluta afurðarinnar, er ráðstafað þegar valin er dreifð áhætta þá fær Fjármálaeftirlitið ekki séð að ráðlegging T&R til viðskiptavina um dreifða áhættu hafi samræmist kröfum viðskiptavinnanna. Að mati Fjármálaeftirlitsins hefði T&R með réttu átt að ráðleggja umræddum viðskiptavinum þannig að iðgjaldið fyrir fjárfestingarhluta afurðarinnar yrði ráðstafað inn á þá undirliggjandi sjóði sem bjóða upp á minnstu áhættuna, en aðeins tveir af átta undirliggjandi sjóðum WI afurðarinnar geta komið þar til skoðunar, sbr. umfjöllun í kafla II.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að T&R hafi brotið gegn 1. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2004, sbr. einnig 1. mgr. 32. gr. laga nr. 62/2019 með því að hafa ekki farið að fyrirmælum viðskiptavinar sem fram koma á þarfagreiningareyðublaði hvað varðar fjárfestingakosti, tapþol og áhættustig fjárfestinga og þannig ráðlagt 45 viðskiptavinum um fjárfestingarleið sem samræmdu ekki þörfum þeirra.

VI

Úrbótakröfur og sektarfjárhæð

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að T&R hafi brotið gegn 3. mgr. 140. gr. f laga nr. 30/2004 með því að upplýsa ekki 125 viðskiptavinum sína um að ekki væri hægt að meta hvort afurðin samræmist þörfum þeirra þar sem þeir veittu ekki upplýsingar eða upplýsingar voru ófullnægjandi. Það er einnig niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að T&R hafi brotið gegn 1. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2004, sbr. einnig 1. mgr. 32. gr. laga nr. 62/2019 með því að hafa ekki farið að fyrirmælum viðskiptavinar sem fram koma á þarfagreiningareyðublaði hvað varðar fjárfestingakosti, tapþol og áhættustig fjárfestinga og þannig ráðlagt 45 viðskiptavinum um fjárfestingarleið sem samræmdu ekki þörfum þeirra.

Úrbótakröfur

Með vísan til 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi gerir Fjármálaeftirlitið eftirfarandi kröfur um úrbætur:

1. T&R skal yfirfara öll þarfagreiningareyðublöð dagsett 1. ágúst 2019 og síðar vegna sölu á WI afurðinni. Í þeim tilvikum sem þarfagreiningareyðublöð voru ekki útfyllt með fullnægjandi hætti, skal T&R upplýsa viðskiptavinum með skriflegum hætti um að félagið hafi ekki getað metið hvort WI afurðin hafi samræmst þörfum þeirra í samræmi við 3. mgr. 140. gr. f laga nr. 30/2004. T&R skal senda Fjármálaeftirlitinum staðfestingu þegar allir viðskiptavinir, sem framangreind úrbótakrafa á við, hafa verið upplýstir um málið ásamt afriti af texta tilkynningarinnar, auk lista yfir þá viðskiptavinum sem fengið hafa slíka tilkynningu. Tilkynningarnar ber að senda viðskiptavinum í rekjanlegum pósti. Fjármálaeftirlitið veitir T&R frest til 15. janúar 2021 til að ljúka úrbótum samkvæmt þessum lið.
2. T&R skal yfirfara öll þarfagreiningareyðublöð, dagsett 1. ágúst 2019 og síðar vegna sölu á WI afurðinni, og meta hvort farið hafi verið að fyrirmælum viðskiptavina sem gert hafa samning um WI afurðina sem koma fram í eyðublaðinu varðandi áhættuþol, með vísan til umfjöllunar í kafla V í ákvörðun þessari. Í þeim tilvikum þar sem vafi leikur á því að farið hafi verið að fyrirmælum viðskiptavina, skal T&R hafa samband við viðkomandi viðskiptavinum og upplýsa, með skriflegum hætti, um það og bjóða þeim aðstoð við að hafa milligöngu um samskipti við NOVIS, kjósi viðskiptavinir að gera breytingar á gerðum samningum við NOVIS. T&R skal senda Fjármálaeftirlitinum staðfestingu þegar allir viðskiptavinir, sem framangreind úrbótakrafa á við, hafa verið upplýstir um málið ásamt afriti af texta tilkynningarinnar, auk lista yfir þá viðskiptavinum sem fengið hafa slíka tilkynningu. T&R skal einnig skjalfesta ef viðskiptavinir óska eftir aðstoð T&R í samræmi við framangreint. Tilkynningar til viðskiptavina ber að senda viðskiptavinum í rekjanlegum pósti. Fjármálaeftirlitið veitir T&R frest til 15. janúar 2021 til að ljúka úrbótum samkvæmt þessum lið.
3. T&R skal endurskoða verklag við sölu og markaðssetningu váttryggingatengdra fjárfestingarafurða með það að markmiði að tryggja að slík sala fari ekki fram án þess að lágmarksupplýsinga sé aflað frá viðskiptavinum í samræmi við 140. gr. f, sbr. 1. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2004 og viðskiptavinir fái að öðrum kosti skriflega aðvörðun í samræmi við 3. mgr. 140. gr. f sömu laga. T&R skal upplýsa Fjármálaeftirlitið um með hvaða hætti verklagið verður endurskoðað og um hvernig innleiðing endurskoðaðs verklags fer fram. Fjármálaeftirlitið veitir T&R frest til 15. febrúar 2021 til að ljúka úrbótum samkvæmt þessum lið.
4. T&R skal endurskoða verklag við sölu og markaðssetningu váttryggingatengdra fjárfestingarafurða varðandi upplýsingagjöf til viðskiptavina um markmið og ástæður þess að ítarleg upplýsingaöflun fer fram við sölu á slíkum afurðum, en upplýsingagjöf til viðskiptavina á grundvelli II. og XX. kafla laga nr. 30/2004 skal vera á pappír eða

öðrum varanlegum miðli. T&R skal upplýsa Fjármálaeftirlitið um með hvaða hætti verklagið verður endurskoðað og um hvernig innleiðing endurskoðaðs verklags fer fram. Fjármálaeftirlitið veitir T&R frest til 15. febrúar 2021 til að ljúka úrbótum samkvæmt þessum lið.

5. T&R skal gera ráðstafanir til að fræða sölumenn sem starfa á vegum félagsins um 1) eðli og eiginleika váttryggingatengdra fjárfestingarafurða og 2) þær viðbótarskyldur sem lagðar eru á dreifingaraðila vegna dreifingar á váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum samkvæmt XX. kafla laga nr. 30/2004. T&R skal upplýsa Fjármálaeftirlitið um með hvaða hætti verklagið verður endurskoðað og um hvernig innleiðing endurskoðaðs verklags mun fara fram. Fjármálaeftirlitið veitir T&R frest til 15. febrúar 2021 til að ljúka úrbótum samkvæmt þessum lið.

Vakin er athygli á að verði T&R ekki við ofangreindum úrbótakröfum innan tilsettra tímamarka getur Fjármálaeftirlitið lagt dagsektir á félagið samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Dagsektirnar geta numið frá 10 þúsund krónum til 1 milljón króna á dag og er heimilt að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila. Ennfremur er heimilt, við ákvörðun um fjárhæð dagsekta, að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrks viðkomandi aðila. Dagsektir greiðast þangað til farið hefur verið að kröfum Fjármálaeftirlitsins. Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt févítí á aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu samkvæmt 4. mgr. 11. gr. sömu laga, en kröfur um úrbætur teljast til ákvarðana samkvæmt framangreindu. Févítí getur numið frá 10 þúsund krónum 2 milljóna króna og við ákvörðun um fjárhæð févítis skal tekið tillit til alvarleika brots og fjárhagslegs styrks viðkomandi aðila. Ákvarðanir um dagsektir og févítí eru aðfararhæfar.

Sektarfjárhæð

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssekt á hvern þann sem brýtur gegn 6. gr. og 140. gr. f laga nr. 30/2004, sbr. 3. og 13. tölul. 1. mgr. 145. gr. b laganna. Samkvæmt 2. mgr. 145. b laganna geta stjórnvaldssektir sem lagðar eru á lögaðila numið frá 50 þúsund krónum til 650 milljóna króna en geta þó verið hærri eða allt að 5% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktá ársreikningi lögaðilans eða 5% af síðasta samþykktá samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu eða allt að tvöfaldri fjárhæð hagnaðar eða taps sem komist er hjá vegna brotsins ef mögulegt er að ákvarða það. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Sams konar sektarheimild er að finna í 48. gr. laga nr. 62/2019 vegna brota gegn 32. gr. laganna, sbr. 27. tölul. ákvæðisins en ekki er talið tilefni til að gera T&R sérstaka sekt vegna brots á því ákvæði.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í málinu lítur Fjármálaeftirlitið til tilgangs og markmiða fyrrgreindra ákvæða í lögum nr. 30/2004 en þeim er m.a. ætlað að tryggja að viðskiptavinur geti keypt afurðir sem samræmast kröfum hans og

þörfum en þannig er honum gefinn kostur á að takmarka hættu á fjárhagslegu tjóni að því marki sem unnt er. Því eru lagðar skyldur á dreifingaraðila váttryggingatengdra fjárfestingarafurða að afla lágmarksupplýsinga hjá viðskiptavinum um þekkingu hans og reynslu á fjárfestingum vegna afurðarinnar svo hægt sé að meta hvort afurðin henti með hliðsjón af kröfum og þörfum hans.. Sínni dreifingaraðili ekki þessum skyldum sínum er veruleg hættu á að viðskiptavinur fái ekki þá vernd sem áskilin er í lögum nr. 30/2004. Með ákvæðum um upplýsingaöflun dreifingaraðila er verið að tryggja viðskiptavinum lágmarksvernd sem m.a. á að auka traust almennings á dreifingu váttrygginga og annarra tengdra afurða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar er litið til þess að verulega skorti á að þarfagreiningareyðublöðin, frá þeim tíma sem var til skoðunar, voru fyllt út með fullnægjandi hætti, en 85% þeirra teljast ekki innihalda viðunandi upplýsingar. Ennfremur horfir til þess að Fjármálaeftirlitið hefur áður, eða í mars 2019, komist að niðurstöðu um að T&R beri skyldu til að afla fullnægjandi upplýsinga um kröfur og þarfir viðskiptavina sinna en að öðrum kosti upplýsa viðskiptavinum um að ekki sé hægt að leggja mat á hvort afurðin henti þeim. Ekki er að sjá að T&R hafi farið að kröfum Fjármálaeftirlitsins um úrbætur sem gefur tilefni til að ætla að framkvæmd við útfyllingu þarfagreiningareyðublaða hafi verið í ólagi í lengri tíma en skoðun Fjármálaeftirlitsins afmarkaðist við. Þá er við ákvörðun sektarfjárhæðar horft til þess að í 30% tilvika, á því tímabili sem var til skoðunar, fór T&R ekki að fyrirmælum viðskiptavina sem fram komu á þarfagreiningareyðublaði hvað varðar fjárfestingarkosti, tapþol og áhættustig fjárfestinga og þannig ráðlagt 45 viðskiptavinum um fjárfestingarleið sem samræmdu ekki þörfum þeirra. Til viðbótar við framangreint er litið til þeirrar þóknunar sem T&R hefur, að meðaltali, fengið greidda fyrir hvern undirritaðan samning um sölu á WI afurðinni, skiptingu þóknunar milli T&R og undirverktaka og að T&R getur þurft að endurgreiða þóknun ef viðskiptavinur segir upp samningi innan tiltekins tíma. Ennfremur er höfð hliðsjón af fjárhagsstöðu félagsins að öðru leyti, sbr. upplýsingar í síðasta ársreikningi félagsins.

Með hliðsjón af framangreindu, eðli og umfangi brota T&R, og atvikum máls að öðru leyti er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 35.000.000 krónur.


Ákvörðunarorð

Tryggingar og ráðgjöf ehf., kt. 560500-3190, hefur brotið gegn 1. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga og gegn 3. mgr. 140. gr. f laga nr. 30/2004. Félagið skal framkvæma fullnægjandi úrbætur innan tilgreindra tímamarka.

Tryggingar og ráðgjöf ehf. skal ennfremur greiða 35.000.000 krónur í stjórnvaldssekt til ríkissjóðs vegna brota á 1. og 2. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 140.

gr. f laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Sektina ber að greiða innan 30 daga frá móttöku þessarar ákvörðunar. Verði sektin ekki greidd innan þess tíma skal greiða dráttarvexti af fjárhæð hennar samkvæmt lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Sektin er aðfararhæf.

Ákvörðun þessari verður ekki skotið til æðra stjórnvalds. Vilji aðili máls ekki una ákvörðun þessari getur hann höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Mál skal þá höfðað innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina, sbr. 18. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar.



Unnur Gunnarsdóttir
varaseðlabankastjóri
og formaður fjármálaeftirlitsnefndar